

Málstofa um konur og vísindi

Verkefnið „Konur og vísindi“ er hluti jafnréttisáætlunar ríkisstjórnarinnar 2004-2008 en menntamálaráðherra skipaði Landsnefnd um konur og vísindi árið 2004. Nefndin hefur það hlutverk að fylgja markmiðinu um að vinna að aukinni þátttöku kvenna í vísindum eftir og vera til ráðgjafar um stöðu kvenna í rannsókn- og vísindastarfi. Hún safnar tölulegum upplýsingum um mat og þróun þessara mála á tímabilinu, greinir þær upplýsingar og skilgreinir hindranir sem standa í vegi fyrir jafnræði milli kynjanna, hvort sem um er að ræða námsval eða framgang í starfi. Nefndin mun leggja fram tillögur um aðgerðir til að efla stöðu kvenna í vísindum.

Eftir að hafa starfað í tvö ár var ákveðið að kalla til liðs við nefndina ýmsa aðila sem hafa unnið við rannsóknir á sviðinu eða vinna við jafnréttismál í háskólum til að ræða ákveðin þemu sem nefndin hafði komið auga á að þyrftu nánari umfjöllun. Í því skyni var nýverið haldin málstofa um konur og vísindi. Málstofuna sóttu um 20 manns og var hún með óformlegu sniði þar sem byrjað var á [kynningu á tölfraeðiupplýsingum](#) en síðan voru stuttar kynningar málstofugesta og umræður.

Umræðurnar snerust aðallega um eftirfarandi:

- Námsval kynjanna.
- Hverju skilar menntun kynjunum?
- Kynjamismunur í stjórnkerfi vísinda og rannsókna – orsök og afleiðingar.

Ljóst er af greiningu þeirra gagna sem fyrir liggja að enn er námsval mjög kynbundið, en það endurspeglast síðan í kynskiptu starfsvali. Konur voru um 85% útskrifaðra nemenda á háskólastigi árið 2004 í heilbrigðisgreinum og upplýsingagreinum en ekki nema um 15% í tæknigreinum og verkfræði. Síðan árið 1985 hafa konur verið fjölmennari í háskólum en karlar en menntunin virðist skila karlmonnum hærrí launum en konum. Rætt var um að eðlisbreyting sé að verða á viðhorfi til menntunar og nærtækara sé að ræða um virðingu og völd fremur en prófgráður. Mikill munur er á stöðu kynjanna innan stjórnkerfis vísinda og rannsókna. Þannig eru konur í minnihluta í öllum háskólaráðum í landinu og 9-35% fagráðsmanna í fjórum samkeppnissjóðum. Í stjórnur samkeppnissjóðanna ríkir almennt meira jafnræði milli kynjanna, þó nokkrir skeri sig þar úr. Flestir málstofugestir voru á því máli að skoða beri betur launamun kynjanna innan vísinda- og rannsóknageirans.

Umræður og hugmyndir málstofugesta voru mjög gagnlegar fyrir nefndina og mun hún nýta þær við áframhaldandi starf sitt við gerð tillagna um leiðir til úrbóta. Gert er ráð fyrir að nefndin skili tillögum sínum árið 2008.

Vísindi á Menntagátt

Nýr vísindavefur

Menntamálaráðherra skipaði í nóvember árið 2004 starfshóp til að gera tillögur um aðgerðir til fjölgunar nemenda í raunvísindum og raungreinum. Starfshópurinn hefur skilað ráðherra tillögum sínum. Meðal tillagnanna er að Menntagátt verði falið að halda utan um og koma á framfæri upplýsingum um margvíslega starfsemi tengda raunvísindum sem hinir ýmsu aðilar standa að. Þar á meðal eru viðburðir sem eru til þess fallnir að auka áhuga nemenda og almennings á raungreinum og tækni, en þar er meðal annars átt við keppnir af ýmsu tagi, námskeið, Vísindavefinn, hátíðir og verðlaun.

Settur hefur verið upp sérstakur vefur hjá Menntagátt, www.menntagatt.is/visindi þar sem er að finna aðgengilegar upplýsingar um félög, stofnanir, viðburði sem tengjast náttúruvísindum og kennsluefni. Hvatt er til þess að sem flestir nýti sér þessar upplýsingar og komi á framfæri ábendingum um nýja viðburði eða áhugavert efni til Björns Sigurðssonar, umsjónarmanns Menntagátta, bjorn@menntagatt.is.

Breyting á reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla

Gerð hefur verið breyting á 3. og 4. mgr. [7. gr. reglugerðar nr. 415/2000](#) um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla.

Hljóðar a - liður 3. mgr. 7. gr. nú svo: "Vegna athugana eða rannsókna samkvæmt b. og c. lið skal farið að lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2000. Um varðveislu upplýsinga sem unnar eru upp úr prófurlausnum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk grunnskóla fer eftir ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands".

Breyting b- liður 4. mgr. 7. gr. felur í sér að framvegis mun framkvæmdaaðili prófanna, Námsmatsstofnun, senda frumrit prófurlausna til skóla. Málsgreinin hljóðar nú svo: "Innan tveggja vikna frá því að niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk hafa verið sendar skólum, sbr. 8. gr., skal framkvæmdaaðili þeirra senda frumrit prófurlausna nemenda til viðkomandi skóla. Prófurlausnir skulu nýttar við skipulag kennslu nemenda að

því marki sem kennarar eða skólastjórnendur telja gagnlegt en síðan afhentar forráðamönnum nemenda eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að úrlausnir hafa borist skólanum."

Slóðin að reglugerðinni er:

<http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nra/reglugerdir9342006>

Skýrsla menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 2001-2002, 2002-2003 og 2003-2004

Út er komin *Skýrsla menntamálaráðherra um framkvæmd skólahalds í grunnskólum skólaárin 2001-2002, 2002-2003 og 2003-2004*. Skýrslan hefur verið gerð [aðgengileg á rafrænu formi](#) á vef menntamálaráðuneytis, menntamalaraduneyti.is.

